

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Mýrargata 21 og 23.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 12. nóvember 2020, breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits, reits 1.131, vegna lóðarinnar nr. 21-23 við Mýrargötu. Í breytingunni felst að minnka umfang og hæðir kirkjunnar ásamt því að kirkjuturnar eru lækkaðir. Turnunum fækkar úr 5 í 2, hámarkshæð hærri turns minnkar úr 22 metrum niður í 18 metra og minni turns úr 17 metrum í 15 metra og umfang kirkjunnar minnkar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Nauthólsvegur 87.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 22. júlí 2021, breytingu á deiliskipulagi fyrir Nauthólsveg 87 þar sem sótt er um að fá framlengt leyfi, til 31. júlí 2022, fyrir staðsetningu gáma fyrir kennslu- og skrifstofur, á lóð nr. 87 við Nauthólsveg. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Túngata 13-15 og Hávallagata 14-16.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 6. ágúst 2021, breytingu á deiliskipulagi Landakotsreits vegna lóðanna nr. 13-15 við Túngötu og 14-16 við Hávallagötu. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits lóðarinnar til norðurs til að staðsetja færanlegar gámaeiningar sem verða tímabundið kennslurými. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 10. ágúst 2021.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 11. ágúst 2021